



Oddeyrarskóli Tengja

2. tbl.
skólaárið
2015-2016

Heilir og sælir kærur foreldrar!

Þessa önnina höfum við haft tvo frábæra kennaranema hjá okkur, þær Unu Kristínu Árnadóttur og Hjördísi Stefánsdóttur. Síðasti kennsludagurinn þeirra var föstudaginn 27. nóvember og viljum við þakka þeim innilega fyrir samveruna og gott samstarf. Okkur í Oddeyrarskóla þykir ákaflega vænt um þegar kennaranemar vilja koma til okkar og við erum sannfærð um að þessi góði mannaúður sem við fáum tímabundið inn til okkar efli starf okkar enn frekar og vonum jafnframt að nemarnir okkar hafi gagn og gaman af því að vera hjá okkur.



Unnið gegn einelti í Oddeyrarskóla

Sigríður Klingenberg heimsótti okkur þann 9. október og fjallaði um samskipti undir yfirskriftinni „Orð eru álög“ og „Töfraðu fram lífið“. Hún fjallaði um hvernig orð okkar hafa áhrif og hversu mikilvægt það er að sýna góð samskipti. Hún ræddi um hvernig viðhorf okkar sjálfrá skiptir máli gagnvart því sem gerist og að við verðum að eiga okkur drauma sem við stefnum að því að láta rætast. Hún talaði líka um hamingjuna, að við erum okkar eigin hamingjusmiðir því hamingjan kemur ekki bara og bankar uppá! Hún lét nemendur skrifa á miða hver væri fyrirmynd þeirra og bauð síðan þeim sem það vildu að standa upp og segja frá. Nemendur voru mjög hugrakkir og margir sögðu frá sinni fyrirmynd. Krakkarnir virtust mjög ánægðir með það sem hún hafði að segja og hvernig hún sagði það. Það ríkti mikil gleði og Sigríður virtist ná til nemenda, sérstaklega til nemenda mið- og unglingastigs. Í lokin var sungið allir og allir tóku vel undir.



Föstudaginn 13. nóvember hittumst við aftur á sal í tilefni af baráttuvikum gegn einelti. Kristín skólastjóri spjallaði við nemendur um mikilvægi þess að við eigum öll góð samskipti og að allir fái að tilheyra. Hún minnti á hvernig einkunnarorð skólans tengjast góðum samskiptum. Allir nemendur fengu afhent armbönd þar sem stendur „Ég legg ekki í einelti“

og svo eru einkunnarorð skólans, *ábyrgð—virðing—vinátta*, á armbandinu. Við sungum saman vinasöng Oddeyrarskóla og fórum svo út og föðmuðum skólann.



Á döfinni

1. des: Haldið upp á fullveldisdaginn á sal. Spiladagur. Nemendur í 2.—4. bekk fara á leiksýninguna Grýlu í Samkomuhúsinu.



1.—3. des: Rúmenskir listamenn í heimsókn. Smiðjur.

11. des: Villi vísindamaður og Sævar hjá störnuskoðunarfélaginu heimsækja nemendur í 4., 5. og 6. bekk.

15. des: 2. fundur skólaráðs. Niðurstöður samræmdra prófa kynntar og ræddar.

16. des: Nemendur skera laufbrauð. Jólamat.

17. des: 9. bekkur verður með kaffihús fyrir nemendur skólans. Kakó og piparkökur eru í boði foreldrafélagsins.

Frá læsisteymi, tölum saman - lærum saman

Læsisteymið hefur fundað vikulega í haust og lagt línurnar fyrir veturinn. Umræður snúast að mestu um það hvernig við getum eftir samræður í námi sem efla skilning og gagnrýna hugsun. Farið hefur verið yfir skimunaráætlun skólans og allir nemendur skólans lestrarprófaðir. Gripið er til viðeigandi ráðstafana þar sem þess er þörf. Þrátt fyrir þessa vinnu hefur mikil áhersla verið á lestur í skólanum undanfarin misseri og verður svo áfram.

Námsferðir starfsfólks

Kristín skólastjóri tekur þátt í Evrópuverkefni um skóla án aðgreiningar og hefur hún farið utan nokkur skipti til að vera í samstarfi við háskóla-fólk og skólastjórnendur. Gagnlegt er að sjá og heyra hvernig hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar er framkvæmd víðs vegar. Flestir starfsmenn skólans fóru á höfuðborgarsvæðið í síðustu viku og heimsóttu samtals 10 skóla á svæðinu. Ferðin var mjög fróðleg og margar hugmyndir hafa vaknað. Einnig var hluti tímans nýttur til að þjálfast meira í samræðum í skólastarfi í tengslum við þróunarverkefnið okkar, tölum saman—lærum saman.

Kristín og Rannveig fóru í síðustu viku á námskeið í Portúgal sem fjallaði um starfsþróun skóla og kom margt mjög gott út úr því.

Skólapúlsinn



Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk ár hvert, u.þ.b. helmingur nemenda tók könnunina um miðjan október og hinn helmingurinn gerir það að vori. Í Skólapúlsinum eru lagðar fyrir spurningar sem lúta að virkni nemenda, líðan þeirra og heilsu og skóla- og bekkjarbrag. Niðurstöður úr fyrri hlutanum eru komnar í hús og í stuttu máli komu flestir þættir vel út. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá jákvæða framvindu varðandi trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu, en aftur á móti þurfum við að halda áfram að vinna með samskipti nemenda og upplifun á einelti.

Mötuneytið í Oddeyrarskóla

Í mötuneyti Oddeyrarskóla starfa tvær glaðlegar og kraftmiklar konur, þær Hrafnhildur Jónsdóttir og Laufey Harrysdóttir. Hrafnhildur er matráður skólans og er hún með B.S. próf í næringarfræði. Þær stöllur leggja mikið kapp á að bjóða upp á hollan og góðan mat og reyna eftir fremsta megni að vinna matinn frá grunni. Þær bjóða upp á mat skv. sameiginlegum matseðlum Akureyrarbæjar og hefur gengið mjög vel. Nemendur eru ánægðir með matinn og eru æ fleiri að nýta sér mataráskriftir. Hrafnhildur og Laufey baka allt brauð sjálfar og hefur það mælst afar vel fyrir. Brauðið er alltaf úr heilheiti og er takmarkað sykur- og saltmagn í því. Í haust hafa þær boðið nemendum upp á heitan hafragraut í upphafi dags.

